



Fundargerð

Boðandi	Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir	Dagsetning	07.05.2024
Staðsetning	TEAMS	Tími	09:00 – 09:30
Boðuð	Haraldur Líndal Haraldsson, Kjartan Dige Baldursson og Álfheiður Ingadóttir.	Málsnúmer	MAR23110134
Þátttakendur	Öll boðuð mætt		

79. fundur Fiskeldissjóðs

1. Fundargerðir síðustu funda

Frestað til næsta fundar.

2. Gögn frá Fiskeldissjóð til Atvinnuveganefndar Alþingis

Fundarmenn samþykktu einróma að senda Atvinnuveganefnd Alþingis gögn um starfsemi sjóðsins frá stofnun hans til upplýsingar. Starfsmanni falið að senda gögnin.

3. Samantekt um sjóðinn til ráðherra

Starfsmanni falið að senda greinargerð frá stjórn sjóðsins um úthlutun 2024 og flokkun styrkja frá 2021-2024 til ráðherra til upplýsingar og jafnframt mun starfsmaður senda stjórnarmönnum greinargerð ráðuneytis sem send var ráðherra til upplýsingar um úthlutun ársins 2024.

4. Staða mála að úthlutun lokinni

Starfsmaður upplýsir stjórn um að engar beiðnir um rökstuðning vegna úthlutunar sjóðsins 2024 hafi borist ráðuneytinu.

5. Ársskýrsla

Starfsmaður upplýsir stjórn um að ársreikningur fyrir árið 2023 hafi ekki borist. Stjórn tók ákvörðun um að hefja vinnu við ársskýrslu ársins 2023.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.



Fundargerð

Ákvarðanir

Næstu skref

Næsti fundur

Dagsetning, tími, staðsetning.